



Fornleifaskráning vegna vegaframkvæmda á Hringvegi í Norðurárdal í Mýrarsýslu



Bjarni F. Einarsson. Nóvember 1999

Forsíðumyndir sýnir vörðu í austanverðu Grábrókarhrauni (nr. 15:1). Hægra megin á vörðunni má sjá grjót, er gengur út úr vörðunni, sem vísar veginn. Ljósm. B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Nóvember 1999

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar kannaði Fornleifafræðistofan fyrirhugað vegastæði Hringvegarins í Norðurárdal, Mýrarsýslu. A.m.k. 50 m breið skák var könnuð sin hvorum megin við veglínuna og fyrirhuguðu efnistökusvæði voru einnig könnuð. Hið fyrirhugaða vegastæði nær frá veitingastaðnum Baulu í Stafholtstungnahreppi að Brekku í Norðurárdalshreppi, samtals rúmlega 13 km vegalengd (sjá kort).

Farið var í gegn um nokkra heimildir svo sem Sýslu- og sóknarlýsingar, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og Friðlýsingarskrá.

Öll veglínan og efnistökusvæðin voru könnuð á vettvangi og fornleifa leitað.

Vettvangsvinna fór fram þann 10. nóv. síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar.

Umboðsmaður verkkaupa var Steinn L. Sveinsson Vegagerðinni, og umsjónarmaður verkkaupa Þóra Vala Haraldsdóttir Vegagerðinni. Kann ég þessum aðilum kærar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.



Mynd 1. Eyðibýlið Stóra Gröf í Stafholtstungnahreppi. Býlið er í byggð þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín eru að vinna að Jarðarbók sinni árið 1709. Því falla rústir, sem kunna að leynast undir þeim er sjást á myndinni, undir þjóðminjalög. Ljós. B.F.E.

Skráningin

Á hinu kannaða svæði eru engar friðlýstar fornleifar, en skammt norðaustur af Grábrók (ca. 20 m) eru friðlýstar minjar hinnar Gömlu Brekkuréttar. Réttin var friðlýst árið 1964 af þáverandi þjóðminjaverði, Kristjáni Eldjárn. (Fornleifaskrá 1990:23). Minjarnar eru utan við hið kannaða svæði og ekki í nokkuri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Staðurinn var ekki kannaður sérstaklega.

Skv. þjóðminjalögum frá 1990, með síðari breytingum, eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi fornleifanefndar (17. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.

Samtals fundust 10 staðir með fornleifum á hinu kannaða svæði (auk réttar einnar sem síðar verður að vikið). Allir staðirnir, nema einn, geymdu aðeins eina rúst eða fornleifar. Samtals fundust 11 fornleifar á þessum stöðum. Þá eru einar fornleifar taldar vera við eyðibýlið Stóru Gröf, en nánari rannsókn þar mun vafalítið leiða annað í ljós.

Af þessum 10 stöðum telst enginn hafa hátt minjagildi, þrír talsvert minjagildi og sjö lítið minjagildi.

<i>Nr.</i>	<i>Teg.</i>	<i>Fj.</i>	<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Minjagildi</i>	<i>Friðlýst</i>	<i>Áaðmerkja?</i>
1:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	Lítið	Nei	Nei
2:1	Varða	1	Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
3:1	Varða	1	Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
4:1	Refagildra?	1	Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
5:1	Gerði (nátthagi?)	1	Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
6:1	Stekkur og rúst	2	Efnistaka	Mikil	Sæm.	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
7:1	Eyðibýli	>1	Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
15:1	Varða	1	Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
16:1	Varða	1	Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
17:1	Varða	1	Efnistaka	Mikil	Sæm.	1550-1900	Lítið	Nei	Nei

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar.

Í ágætu ástandi voru þrjár fornleifar, í sæmilegu voru einnig þrjár og fimm fornleifar voru í lélegu ástandi.

Í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda voru sjö staðir með samtals átta fornleifum. Í lítilli hættu voru tveir staðir með tveimur fornleifum og einn staður taldist ekki vera í neinni hættu.

Þó ekki séu neinar fornleifar taldar vera eldri en 1550 í fornleifaskrá, er hugsanlegt að undir ungum rústum Stóru Grafar kunni að leynast eldri minjar en frá 1550.

Engar fornleifar á svæðinu þykir ástæða til að friðlýsa sérstaklega.

Efnistökusvæði (námur)

Nokkur efnistökusvæði eru ráðgerð svo nálægt fornleifum að aðgerða er þörf (breyta efnistökusvæðinu, sleppa því eða rannsaka viðkomandi fornleifar).

Mælt er með því að litlu efnistökusvæði við Torfholt verði sleppt. Gangi það ekki eftir mun trúlega þurfa minni háttir athugun (nákvæm teikning, ljósmyndun, staðsetning og botn skoðaður).

Á bæjarstæði eyðibýlisins Stóru Grafar er fyrirhugað efnistökusvæði. Mælt er með því að sleppa því. Gangi það ekki eftir gætu rannsóknir orðið mjög viðamiklar.

Við Kastalaholt er fyrirhugað efnistökusvæði. Verði ekki hægt að komast hjá efnistöku þar þyrfti minni háttar rannsókn á vörðu og meintri refagildru (teikning, ljósmyndun, staðsetning og botn skoðaður).

Við Hrauná, í jaðri Grábrókarhrauns, þar sem örnefnið Stekkur kemur fyrir, er fyrirhugað efnistökusvæði. Mælt er með því að því verði sleppt. Annars þarf rannsókn á staðnum.



Mynd 2. Rétt sem er ca. 250 m N af Grábrók. Er hún í jaðri fyrirhugaðs efnistökusvæðis í landi Brekku. Réttin var ekki skráð sérstaklega sökum tímaleysis og myrkurs. Ljós. B.F.E. (Myndin er verulega lýst í tölvu).

Í landi Brekku, skammt norður af Grábrók, er stórt efnistökusvæði fyrirhugað. Verði ekki hægt að sleppa því þyrfti minniháttar rannsókn á tveimur vörðum (teikning, ljósmyndun, staðsetning og botn skoðaður). Einnig þyrfti að skoða hina meintu fornleið. Við vestur enda þessa svæðis er rétt (sjá mynd 2). Hún er trúlega ekki ýkja gömul, en ekki er ástæða til að spilla henni. Mælt er með því að færa efnistökusvæðið til austurs og hlífa þar með réttinni. Sjá nánar fornleifaskrá.

Niðurstæða

Alls fundust 10 staðir með 11 fornleifum á eða við hina fyrirhuguðu veglínu Hringvegarins og á væntanlegu efnistökusvæðum (12 staðir ef réttin hjá Grábrók er talin með). Ekki þarf að breyta veglínu ef hægt er að tryggja fornleifarnar, en aðeins einn staður er talinn vera í hættu vegna veglínunnar, en sú hætta er talin lítil.

Vegna fyrirhugaðra efnistökusvæða eru sjö staðir í mikill hættu. Mælt er með því að sleppa þessum efnistökusvæðum, eða gera viðeigandi rannsóknir áður en að efnistöku kemur. Við einn stað yrðu slíkar rannsóknir viðamiklar (Stóra Gröf).

Varast ber að hafa vinnuskúra eða efnisgeymslur of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa. Væntanlegt vegastæði að námusvæði við Brekku var ekki kannað, þar sem það var ekki sýnt á korti.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd –
Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík

1990.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Sjöunda bindi.

Kaupmannahöfn 1940.

Þjóðminjalög 1989, nr. 88, 29 maí. Með síðari breytingum.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Stafholtstungnahreppur	3604		1
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Munaðarnes		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	10.11.99	N 64°40.54 W 021°39.14		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Hringvegur í Norðurárdal	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 120 m SSA af þjóðvegi 1. Efst á kletthrygg. Í klettum.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

1 x 1 m að grunnfleti, nánast ferningslaga, 1,2 m há. Úr grjóti. Varðan er nýlega endurhlaðin og virðist ekki gömul. Ekki sást í aðrar vörður. Líklegast ekki merki á þjóðleið.

Nálægt! landamerkjum Hauga og Munaðarness. Landamerkjavarða?

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Stafholtstungnahreppur	3604		2
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Munaðarnes		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	10.11.99	N 64°38.56 W 021°41.17		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Varða		Hringvegur í Norðurárdal	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900
Í eyði	-	Timab. hættumat	Timab. hætta
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Lítið			
Á kort?	Nei	Friðlýsa?	Friðlýst?
		Nei	Nei
Hvenær	-		

Lega og staðhættir

Ca. 80 m NNV af þjóðvegi 1 og 12 m ASA af malarvegi. Á hraunhrygg. Á holti.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

1 x 1,2 m botn, nánast sporöskjulaga, 0,2 - 0,3 m há. Úr grjóti. Varðan er hrunin og mosavaxinn botn. Ekki sér til annara varða.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Varðan mun eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að hætta við efnistöku á staðnum eða rannsaka vörðuna með leyfi og vitund viðeigandi aðila. Rannsókn yrði lítil.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Stafholtstungnahreppur	3604		3
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Laxfoss		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	10.11.99	N 64°35.06 W 021°44.27		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Hringvegur í Norðurárdal	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 100 m NV af þjóðvegi 1. Uppi á Kastalaholti suð-austan verðu. Efst á hól. Á holti.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Ca. 0,7 x 0,9 m botn, nánast sporöskjulaga, 0,3 m há. Úr grjóti. Hrunin og mosavaxin.

Gömul?

Ekki sér í aðra vörðu.

Til að merkja refagildru? (nr. 4:1).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Varðan mun eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að hætta við efnistöku á staðnum eða rannsaka vörðuna með leyfi og vitund viðeigandi aðila. Rannsókn yrði lítil.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Stafholtstungnahreppur	3604		4
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Laxfoss		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	10.11.99	N 64°35.11 W 021°44.27		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Refagildra?		Hringvegur í Norðurárdal	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 130 m NV af Þjóðvegi 1 og ca. 60 m vestur af fornleifum nr. 3:1. Á klettahygg á Kastalaholti suð-austanverðu. Á holti.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Refagildra?

0,6 x 1 m stór (N - S).

Úr grjóti og 0,4 m há.

Op er trúlega mót S.

Gildran er hrunin og við NV endan er grjót úr henni.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Refagildran mun eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að hætta við efnistöku á staðnum eða rannsaka gildruna með leyfi og vitund viðeigandi aðila. Rannsókn yrði lítil.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Stafholtstungnahreppur	3604		5
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Laxfoss		-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	10.11.99	N 64°34.40 W 021°44.47		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Gerði (nátthagi?)		Hringvegur í Norðurárdal	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900
Í eyði	-	Timab. hættumat	Timab. hætta
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Talsvert			
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 40 m SA af þjóðvegi 1 í vestur jaðri Grábrókarhrauns, austan við Hrauná. Í hrauni og haga.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði (nátthagi?).

Ca. 100 x 100 m stórt (N - S).

Veggir á þrjár hliðar, úr grjóti. Þeir eru 0,3 - 1 m breiðir og 0,2 - 1 m háir. Þar sem vesturhliðina vantar rennur Hrauná.

Við norðurhliðina er nýleg gaddavírsgirðing.

SV hluti gerðisins er grasi gróinn hvammur, mjög þýfður og vel gróinn.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Gerðið gæti verið í hættu, en gæta þarf þess að raska því ekki. Ef ekki er hægt að tryggja öryggið þarf rannsókn með leyfi og vitund viðeigandi aðila.

Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Núv. sveitarfél.</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Mýrasýsla	Stafholtstungnahreppur	3604		6
<i>Landareign</i>	<i>Mí:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Laxfoss		-		1

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	10.11.99	N 64°34.58 W 021°44.44		-	<10

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk		Fjöldi	
Stekkur og rúst							Hringvegur í Norðurárdal		2	
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?			
Efnistaka	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei			
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2				Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær	
Talsvert							Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Ca. 70 m NV af þjóðvegi 1, vestan undir lágu holti vestan við Hrauná. Í jaðri mýrar. Úthagi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Stekkur og rúst.

1) *Stekkur.*

8 x 14 m stór (ANA - VSV).

Veggir úr torfi og grjóti, 1,5 - 3 m breiðir og 0,4 - 0,6 m háir. Tvö hólfi eru á rústinni (A og B). Dyr eru trúlega á hólfi A til SA. Gólfíð í hólfi A er niður grafið. Stekkurinn er mjög þýfur og vel gróin, nokkuð úr lagi færður.

Eldri minjar gætu leynst undir stekknunum. (Neðri mynd).

Ca. 20 m SA af rúst nr. 6:1 er rúst nr. 6:2)

2) *Rúst.*

8 x 11 m stór (NNA - SSV).

Veggir úr torfi og grjóti, 1,5 - 2 m breiðir og 0,4 - 0,6 m háir. Tvö hólfi eru á rústinni (A og B). Dyr eru á hólfi A til suðurs og á hólfi B til austurs.

Rústin er mjög þýfð og vel gróin, dálítið úr lagi færð. (N 64°44.44 W 021°34.53).

Hólf B gæti veri hlaðna?

Athugasemdir

Rústin mun eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að hætta við efnistöku eða rannsaka rústinu, með leyfi og vitund viðeigandi aðila. GPS mælt við stekkin.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Stafholtstungnahreppur	3604		7
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Stóra-Gröf	-	Stóra Gröf		1-n

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	10.11.99	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Eyðibýli		Hringvegur í Norðurárdal	>1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	-			Já
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 5- - 80 m sunnan við þjóðveg 1, í suður hlíð hamrabeltis, í túni.

Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.
Fjórða bindi. Kaupmannahöfn 1925 og 1927.
Bls. 183, 342-44 og 348.

Lýsing

Eyðibýli.

Ekki er hægt að segja með vissu á hve stóru svæði rústa er að vænta á staðnum, en nú standa þar hálfhrunin hús frá þessari öld. Trúlega eru eldri minjar undir og við þessi hús, en sléttað hefur verið yfir svæðið.

Í Jarðabók er sagt að hér hafi verið bænhús forðum, en fallið fyrir manna minni. Rústabrot sáust um 1709.

Staðurinn var ekki skoðaður til hlýtar, en ekki er við miklu að búast með yfirborðskönnun. Til þarf tæki og tól og rannsókn.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Eyðibýlið mun eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að hætta við efnistöku eða rannsaka staðinn, með leyfi og vitund viðeigandi aðila. Rannsókn yrði viðamikil, tímafrek og dýr (eyðibýli, bænhús og kirkjugarður?)

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		15
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Brekka	-	-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	10.11.99	N 64°31.31 W 021°46.19		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Hringvegur í Norðurárdal	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Vegagerð	Lítill	Ágætt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 100 m S af þjóðvegi 1 og 10 m A af malarvegi. Í hrauni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

1 - 1,2 m botn, nánast hringlaga, 1,3 m há. Úr grjóti. Varðan er mosavaxin og vel farin. Sér í vörðu til SV. Út úr vörðunni til NA stendur aflangt grjót, sem vísar til Brekku.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		16
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Brekka	-	-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	10.11.99	N 64°32.09 W 021°46.36		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Hringvegur í Norðurárdal	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Lélegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 600 m NV af Brekku II. Á hrygg, sem liggur austur að Brekku. Í holti.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Ca. 1,5 x 2 m stór (A - V). Úr grjóti. Varðan er hrunin og mosavaxin. Ca. 2 m norður af vörðunni er trúlega gömul leið (fornleið).

Ca. 60 m A af 16:1 er 17:1.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Varðan mun eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að hætta við efnistöku á staðnum eða rannsaka vörðuna með leyfi og vitund viðeigandi aðila. Rannsókn yrði lítil.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Mýrasýsla	Norðurárdalshreppur	3603		17
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Brekka	-	-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	10.11.99	N 64°32.05 W 021°46.36		-	<10

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Hringvegur í Norðurárdal	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Efnistaka	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær
Lítið					Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Ca. 60 m A af nr. 16:1. Á hrygg sem gengur austur að Brekku. Í holti.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

2 x 2,5 m stór (A - V). Úr grjóti.

Botninn er nánast ferningslaga. Varðan er hrunin og mosavaxin.

Ca. 2-3 m norður af vörðunni er trúlega forn leið.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Stafræn. Olympus C-820-L

Athugasemdir

Varðan mun eyðileggjast að óbreyttu. Því þarf að hætta við efnistöku á staðnum eða rannsaka vörðuna með leyfi og vitund viðeigandi aðila. Rannsókn yrði lítil.